

Mál nr. 106/2019**M og
V v/ ábyrgðartryggingar stíflulosunarþjónustu.****Ágreiningur um bótaskyldu er vatn flæddi inn í stigahús fjöleignarhúss er unnið var við að losa stíflu í niðurfalli frá þaki hússins.****Gögn.**

Málskot, móttækið 6.3.2019, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 2.4.2019, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Vatn hafði safnast upp á flötu þaki fjöleignarhúss M vegna stíflu í niðurfalli frá þakinu og 19. nóvember 2018 var A fengin til að losa um stífluna. Vildi þá til að niðurfallsrör mun hafa farið í sundur með þeim afleiðingum að vatnið lak niður af þakinu og inn í stigahús og olli þar skemmdum. A hefur í gildi ábyrgðartryggingu hjá V og í tilkynningu M um tjónið til V, dags. 20. nóvember 2018, kemur fram að starfsmaður A hafi verið að vinna við stíflulosun á þakinu en hann hafi beitt of harkalegum aðferðum því hann hafi ýtt samsetningu niðurfallsins í sundur þannig að vatn hafi flætt óhindrað inn í sameign og valdið þar skemmdum á loftaklæðningu, teppi og e.t.v. fleiru. Hafi vinnubrögð við stíflulosunina ekki verið í samræmi við góðar venjur. Hafi rör sem verið var að vinna við óvart verið tekið í sundur vegna slæmra vinnubrögða.

Í tilkynningu til V, dags. 24. nóvember 2018, af hálfu þess starfsmanns A sem annaðist stíflulosunina, kemur fram að ekki hafi tekist að losa stífluna þar sem einhver aðskotahlutur hafi verið í lögninni frá niðurfallinu. Taldi hann útilokað að hann hafi skemmt rörið frá niðurfallinu með þeim búnaði sem hann hafi notað. Slíkt hafi ekki verið hægt, enda hafi verið um að ræða viðukenndan búnað til þessara verka. Hefur hann lýst þessum búnaði nánar þannig að um hafi verið að ræða 1/8“ slöngu með litlum háþrýstispiss framan á sem „dregur sjálfan sig eftir rörinu“ í átt að stíflunni. Niðurfallið hafi verið opið þannig að enginn þrýstingur hafi myndast inni í rörinu til að taka það í sundur. Slangan sé alltaf laus í rörinu og geti aldrei orsakað það að lögnin dragist í sundur. Þá kveður starfsmaður A að fulltrúi M á staðnum hafi tjáð sér að áður en hann kom hafi smiðir sem þarna hafi verið við vinnu reynt að losa stífluna með einhverjum verkfærum (græjum) og taldi hann frekar ástæðu til að ætla að eitthvað hafi gerst við það, enda hafi verið farið að leka niður í stiganginn áður en hann kom og þar hafi verið bali til að taka við vatni af þakinu. V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu A.

Í málskoti M segir að smiður hafi verið að vinna við glugga fyrir á árinu. Lekinn, sem hafi verið fyrir, hafi samsvarað einum litlum bala sem hafi verið á staðnum eftir að lítils háttar vatn hafi komið inn frá glugga eftir „eitt af stórvíðrunum sem voru þessa vikuna á undan.“ Enginn leki hafi verið af þakinu inn á stigaganginn eða í lofti né ummerki um leka áður en starfsmaður A kom á staðinn.

Álit.

Engin skýr gögn liggja fyrir um það hvað nákvæmlega gerðist er samsetning á niðurfallsrörinu á að hafa farið í sundur með þeim afleiðingum að vatn flæddi af þakinu inn í stigaganginn og hvernig það átti að geta gerst með þeim tækjabúnaði sem stafrmaður A notaði við að reyna að losa um stífluna. Á sama hátt skortir skýr sönnunargögn, svo sem skoðunar- eða matsgerð sérfróðs aðila, um það að atvikið megi rekja til þess að umræddur starfsmaður hafi beitt harkalegum eða að öðru leyti óforsvaranlegu verklagi við stíflulosunina. Verður þannig talið ósannnað samkvæmt þeim gögnum sem liggja fyrir í málinu að tjónið megi rekja til atvika sem A ber ábyrgð á. Af því leiðir að M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 28. maí 2019.

Hjörleifur Gíslason lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Lúðvík Bergvinsson lögm.